

Flateyri

29. apríl 2026

Til sviðsstjóra skólasviðs og þeirra er málið varðar,

Á fundi Ísafjarðarbæjar þann 10. mars sl. í Grunnskóla Öfundarfjarðar um mótun framtíðar skólastarfs kom skýrt fram veruleg og langvarandi óánægja foreldra með skólamatinn. Ítrekað hefur verið bent á að bæði bragðgæði og hollusta matarins sé með öllu óviðunandi. Mikið er um unnar vörur og lítið um fjölbreyttan heimagerðan og hollan mat.

Eftir háværar raddir foreldra á fundinum þann 10. mars sendu skólastjórar leik- og grunnskólans könnun á foreldra varðandi hvað mætti gera betur og funduðu svo með forsvarsmönnum Gunnukaffis, þar sem farið var yfir athugasemdir foreldra.

Þrátt fyrir þetta hafa foreldrar síðan heyrt börn sín nefna of saltaðan mat, ósoðnar kartöflur í plokkfiskinum og kjöt sem ekki hafi verið hægt að tyggja til að taka nokkur dæmi. Metnaðurinn er enn lítill þrátt fyrir tiltal. Við erum viss um að ef þess verður farið á leit við starfsmenn yrði sambærilega sögu að heyra. Því hvetjum við ykkur til að taka samtal við ykkar starfsmenn á Flateyri, jafnvel kíkja í einn eða tvo hádegisverði.

Fyrir hönd foreldra og barna í Grunnskóla Öndarfjarðar og leikskólanum Grænagarði viljum við í foreldrafélaginu biðla til bæjarins eftirfarandi:

1. Losa sig úr núverandi fyrirkomulagi um mötuneytisþjónustu.
2. Þjóða út mötuneytisþjónustu í grunn- og leikskóla Öndarfjarðar. Óskað er eftir að skilmerkilega verði tekið fram kröfur bæjarins um næringargildi, fjölbreytileika og gæði þjónustunnar. Leitast verði eftir því að sem mest verði eldað á staðnum frá grunni.

Brýnt er að ferlið fari af stað sem allra fyrst svo að sá sem stenst kröfur útboðsins geti hafið störf eigi síðar en við upphaf næsta skólaárs.

Fyrir hönd foreldrafélagsins,

Jóhann Ingi Þorsteinsson

Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir

Linda Björg Guðmundsdóttir

Stefán Hannibal Hafberg

María Eugenia Chiarandini